

Rannsóknarverkefni sérnámslækna á lyflækningasviði

Umsjónarlæknir með rannsóknarverkefnum sérnámslækna á lyflækningasviði er Helga Ágústa Sigurjónsdóttir, klínískur prófessor. Allir sérnámslæknar skulu koma í viðtal til Helgu Ágústu við upphaf sérnámstíma varðandi val á rannsóknarverkefni óháð því hvort sérnámslæknir er þegar með verkefni eða þarf að fá verkefni.

Sérnámslæknar fá **1 mánuð í launað nám** fyrir rannsóknarverkefnavinnu á **2. ári** námsins og annan á **3ja árinu**. Sækja þarf um þessa mánuði til launaðs rannsóknarleyfis hálfu ári áður en áætlað rannsóknartímabil á að hefjast. Umsóknin er á heimasíðu Framhaldsnáms í almennum lyflækningum undir flípanum „Fyrir námslækna“. Umsóknirnar sendist rafrænt til Gerðar Helgadóttur skrifstofustjóra framhaldsmenntunar í lyflækningum gerdurh@landspitali.is og fær sendandi tölvupóst um móttöku umsóknar. Helga Ágústa og Einar Stefán Björnsson prófessor í lyflækningum meta hæfi umsóknanna.

Sérnámslæknir og gerir rannsóknaráætlun með leiðbeinanda og ábyrgðarmanni rannsóknarinnar og skal námslæknir kynna rannsókn sína á árlegri **Rannsóknarráðstefnu námslækna í lyflækningum** sem haldin er ár hvert í Febrúar. Eftir ráðstefnuna sendir námslæknir Teaching Observation eyðublað í ePortfolio á Helgu Ágústu.

Samantekt á rannsóknarvinnu á að koma fram í ES report fyrir ARCP. Námslæknir hleður upp rannsóknaráætlun og framvindunótur í „personal library“ í ePortfolio. Afrit af rannsóknaráætlun fer til Helgu Ágústu.

Helga Ágústa Sigurjónsdóttir, dr.med, klínískur prófessor

*Umsjónarlæknir rannsóknarverkefna,
Sérnámslækna í lyflækningum*